

11. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Ellefti fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 22. maí 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður , Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Fjarverandi: Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

1. Reynsla af úthlutun síðasta árs

Úthlutun gekk mjög vel, engar kvartanir hafa borist Framkvæmdasjóðnum, Ferðamálastofu eða SAF og má það teljast mjög gott m.v. fyrstu úthlutun og viðkvæmni málaflöksins. Í því samhengi vill stjórn Framkvæmdasjóðsins hrósa Sveini Traustasyni framkvæmdasjóra sjóðsins sérstaklega fyrir hans vinnu sem hefur verið til fyrirmyndar. Búið er að skrifa undir alla samninga nema einn en honum verður skilað inn í lok maí. 32 milljónir af heildarupphæðinni hafa þegar verið greiddar út. Verkefni styrkþega eru almennt í góðu ferli og á áætlun.

2. Úthlutun næsta árs. Áherslur sjóðsins

Auglýsing síðasta árs er í stórum dráttum í lagi en þó er ástæða til að skoða hvort skerpa þurfi á orðalagi með tilliti til Ferðamálaáætlunar 2011-2020 og áherslna í úthlutun. Áherslur sjóðsins verða í stórum dráttum þær sömu nema að nú vill stjórnin opna fyrir möguleika á umsóknum til verkefna í þéttbýli. Sveinn fær það verkefni að yfirfara áherslur og texta í auglýsingu fyrir næsta stjórnarfund. Stefnt verður að því að auglýsa styrkinn aðra helgina í júní.

- 3.** Stjórn sjóðsins stefnir að því að óska eftir formlegum fundi við Umhverfisstofnun eftir að auglýsing hefur verið birt til þess að fá upplýsingar um verkefni sem Umhverfisstofnun er að vinna að og framtíðaráætlanir Umhverfisstofnunar í þessum málaflökki.

Annað:

Guðjón vill taka fram að hann noti hvert tilefni sem gefst til að minna sveitastjórnarmenn á sjóðinn. Sævar vill einnig taka fram að Framkvæmdasjóðurinn var ræddur á síðasta stjórnarfundum SAF þar sem ákveðið var að stofna hóp innan SAF sem fær það hlutverk að koma með tillögum fyrir sjóðinn.

Fundi slitið 9:45

Reykjavík 22. maí. 2012/Katrín / AT